



Júní 2021

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
1.1	Matsteymi	2
2	Starfsáætlun innra mats 2020 - 2021	2
3	Ytra mat	3
4	Niðurstöður innra mats	4
4.1	Stjórnun og fagleg forysta	4
	Tengsl við foreldra	5
	Tengsl við aðra í skólasamfélaginu	6
	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	7
4.2	Nám og kennsla	8
	Námsárangur	8
	Námsárangur - lestur	10
	Velferð og líðan nemenda	10
4.3	Innra mat	12
	Skipulag	12
	Framkvæmd	13
	Umbætur	13
4.4	Heildarniðurstaða innra mats - myndræn	14
5	Umbótaáætlun skólaársins 2021 - 2022	14

1 Inngangur

Á skólaárinu 2020 – 2021 fór fram endurskoðun á starfsemi og framkvæmd innra mats í Borgarhólsskóla. Í upphafi skólaársins var skipað nýtt matsteymi sem setti sér það að markmiði að koma skipulagi á innra matið og gera það aðgengilegt á skýran hátt. Helstu viðfangsefni teymisins voru því að setja upp skipulag um framkvæmd innra matsins og setja fram langtímaáætlun sem finna má [hér](#). Teymið fundaði oftast einu sinni í viku í 60 – 90 mínútur í senn. Þar sem teymið er nýtt fór nokkuð mikill tími í að lesa sér til um og skoða hvernig innra mat fer fram og kynna sér þá þætti sem mikilvægt er að meta reglulega og þau gæðaviðmið sem skólinn vill starfa eftir. Í þessum kafla verður gert nánari grein fyrir þessum matsþáttum.

1.1 Matsteymi

Í matsteymi er æskilegt að fulltrúi stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra sitja. Óskað var eftir þátttakendum í matsteymi Borgarhólsskóla í upphafi skólaársins. Ber matsteymið ábyrgð á skipulagi og framkvæmd á innra matsins. Í því sitja:

- Arna Ásgeirsdóttur – fulltrúi kennara
- Guðrún Kristinsdóttir – fulltrúi kennara
- Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir – fulltrúi kennara
- Nanna Möller – fulltrúi kennara
- Þórgunni Reykjalin Vigfúsdóttur – skólastjóri

Gert er svo ráð fyrir þátttöku foreldra og nemenda í gegnum skóla- og foreldraráð skólans.

2 Starfsáætlun innra mats 2020 - 2021

Lögð var áhersla á matsþáttinn *innra mat* á skólaárinu. Matsteymið vann ítarlega [ársáætlun](#) fyrir skólaárið 2020 – 2021 og leitaðist við að koma á kerfisbundnu innra mati í skólanum. Auk innra matsins voru ákveðnir þættir metnir sem stefnt er að að meta árlega, þ.e. árangur náms og gæði kennslu sem og líðan nemenda og starfsfólks.

Gæðaviðmið skólans sem sett voru um þáttinn innra mat byggja á gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar sem sett eru fram í [Gæðastarf í grunnskólum](#) sem og [Matstækis um þróun skólastarfs](#) og taka mið af [skólastefnu Norðurlþings](#) og [skólanámskrá](#). Það er markmið skólans að verða á 5. stigi skv. þeim matstækjum sem liggja til grundvallar.

3 Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Borgarhólsskóla 2015. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á töflunni hér að neðan en skýrsluna í heild sinni má sjá [hér](#).

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðis. vinnubr.	

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Borgarhólsskóla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Í kjölfar ytra mats árið 2015 setti starfsfólk Borgarhólsskóla sér það markmið að verða framúrskarandi skóli sem bæri skýr einkenni gæðastarfs.

Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til umbótaáætlun, sem finna má [hér](#), og starfsfólk Borgarhólsskóla hefur unnið eftir allt til dagsins í dag. Nú er eftirfylgni ráðuneytis lokið og við tekur áætlun innra mats um stöðugar umbætur í Borgarhólsskóla.

4 Niðurstöður innra mats

Kaflinum er skipt í fjóra undirkafla sem bera heiti hvers meginþáttar, þ.e. stjórnun og fagleg forysta; nám og kennsla; innra mat; skólabragur. Þar koma fram niðurstöður á þeim þáttum sem teknir voru til mats í hverjum meginþætti fyrir sig. Þar sem eingöngu innra matið (skipulag, framkvæmd og umbætur) var metið í heild sinni á þessu skólaári er eingöngu sett upp mynd fyrir þann meginþátt í ár.

Í upphafi hvers undirkafla er sett inn mynd af matsverkefnum eins og þau koma fram í ársáætluninni og er svo farið yfir hvað gekk vel og hvað betur mætti fara.

4.1 Stjórnun og fagleg forysta

Viðmið Borgarhólsskóla fyrir stjórnun og faglega forystu má finna [hér](#).

Undirþætti má sjá í töflunni hér til hliðar en enginn undirþáttur stjórnunar og faglegrar forystu var metinn í heild sinni á skólaárinu. Eru reitirnir því ólitaðir.

Styrkleikar: Samstarf við foreldra er reglubundið og gengur almennt vel. Sama má segja um samstarf við aðra aðila í skólasamfélaginu.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Tækifæri til umbóta: Athuga hvort hægt væri að koma á meira samstarfi við framhaldsskólann á Húsavík (FSH). Einnig er áhuga á að tengja námið betur við atvinnulífið á Húsavík, sér í lagi fyrir nemendur með námsörðugleika.

Tengsl við foreldra

Matsverkefni	Ábyrgð	Matstækni	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Hverjir fá upplýsingar
Tengsl við foreldra	Stjórnendur og Umsjónarkennarar	Samtal umsjónarkennara við foreldra og nemendur. Skólalup foreldra	Miðla upplýsingum um líðan nemenda og námslega framvindu. Athuga viðhorf foreldra til Skólafarsins. Litið er á foreldra sem virka þátttakendur um starfsemi skólans. Góð samvinna heimila og skóla sem byggir á trausti, gagnkvæmri upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu (sjá skólánámsskrá bls. 10).	Fundir með foreldrum er reglulegir, a.m.k. tvisvar á ári. Samskipti regluleg í gegnum síma, tölvupóst og Mentor. Vikupóstar sendir út vikulega. Haustfundir. 90% svarenda telja samvinnu heimilis og skóla góða eða mjög góða skv. könnun (sjá Skólalup)	Yfir allt árið. Foreldrafundur sept og feb Skólalup	Nemendur, foreldrar og kennarar / Trúnaðarmál Niðurstöður úr Skólalup birtar á heimasíðu skólans í maí.

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Gagnaöflun: samtöl heimilis og skóla, dagleg samskipti (tölvupóstur, símtöl, Mentor) ásamt könnun Skólalups.

Samtöl heimilis og skóla voru óhefðbundin í ár vegna COVID. Í október völdu kennarar ýmist að hafa fjarfundi með foreldrum eða senda tölvupósta á foreldra með ítarlegum upplýsingum um stöðu nemenda og þá gátu foreldrað óskað eftir viðtali í gegnum fjarfundarbúnað ef þeim þótti þörf á. Í janúar buðu kennarar upp á fjarfundi en einnig var í boði að koma í skólann í hefðbundið foreldraviðtal. Fyrirkomulagið gekk vel að mati kennara og foreldra. Einhverjir foreldrar sögðu það áhrifameira að koma í skólann og hitta kennara og er stefnan að fara aftur í það fyrirkomulag á næsta skólaári.

Í ár var lögð fyrir foreldrakönnun í gegnum Skólalup líkt og 2019. Svarhlutfall var 84,6% og er það betri svörun en síðast þegar hún var lögð fyrir 2018-2019 en þá svöruðu 79,8%. Skýrsluna um niðurstöður í heild sinni má finna [hér](#) en helstu niðurstöður verða dregnar saman hér að neðan.

Almenn ánægja foreldra með skólann í heild sinni er rúm 85% sem er lækkun frá 2019. Athyglisvert er að í heildina er minni ánægja hjá foreldrum stúlkna en drengja. Um 89,8% foreldra telja að barninu sínu líði mjög vel eða vel í skólanum sem er lækkun frá fyrri könnun 2019 en þá svöruðu foreldrar því til að 92,6% barna sinna líði vel eða mjög vel í skólanum. Foreldrar eru almennt ánægðir með skólafarsfið og sérstaklega starfsfólk skólans. Foreldrar nefna þar metnað, umhyggju, góð samskipti og faglega nálgun. Helstu umkvartanir snúa að því að koma betur til móts við nemendur, hljóðvist, agamál og grípa fyrr inn í erfið samskipti og hegðun.

Skoðun foreldra á því hvernig tekið er á eineltismálum hefur tekið miklum breytingum á milli kannanna. Í könnun 2019 töldu tæplega 80% foreldra að mjög vel eða vel hafi verið tekið á eineltismálum en árið 2017 voru það 75% sem svöruðu því til. Í ár eru það 30%. Athygli vekur að formlegar tilkynningar um einelti hafa ekki borist skólanum nema vegna tveggja nemenda á þessu skólaári. Umhugsunarvert er hvað veldur því að tilkynningar eru engan veginn í samræmi við svörun foreldra. Mikilvægt er að sami skilningur ríki á milli heimilis og skóla á skilgreiningu á einelti. Til að

reyna að ná utan um ósamræmið og fá skýrari mynd af upplifun foreldra á einelti á skólatíma og aðgerðum skólans þegar upp kemur einelti var send út sérstök spurningakönnun á alla foreldra er varðaði einelti. Í töflunni hér að neðan má sjá niðurstöður þeirrar könnunar.

	Svarhlutfall var 46,4%		
Hefur þú kynnt þér eineltisáætlun skólans og verkferla þegar upp kemur eineltismál?	14% - þekkjast vel til	53% - kannast við	33% - þekkjast ekki
Telur þú að barnið þitt eigi í vanda núna vegna samskipta í skólanum?	75% - nei	25% - já og hafa látið vita	1% - já og hafa ekki látið vita
Telur þú að barnið þitt sé þolandi í einelti núna í skólanum?	92% ekki þolandi	>2% er þolandi	
Telur þú að barnið þitt sé gerandi/þátttakandi í einelti núna í skólanum?	6% grunar að barn sé gerandi / þátttakandi		
Ert þú ánægð(ur) með úrvinnslu eineltismála í skólanum?	23% - já	12% - nei	64% - á ekki við
Lætur þú skólann vita ef/þegar þig grunar að einelti eigi sér stað í skólanum?	97% - já	3% - nei	

Tengsl við aðra í skólasamfélaginu

Matsverkefni	Ábyrgð	Matstækni	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Hverjir fá upplýsingar
Tengsl við aðra í skóla-samfélaginu	Stjórnendur og kennarar	Tékkilati – viðmið	Samstarf á milli skóla-, íþrótt- og frístundamála sé gott. Markviss samskipti við önnur skólastig. Markviss samskipti við íbúa samfélagsins	Fundað með fulltrúum íþrótt- og tómsundamála að hausti. Samráð stundatöflu skóla við íþrótt- og tómsundastarf. Yngra stíg í samvinnu við leikskóla og unglíngastig við framhaldsskóla. Lestrarömmur og -afar	Ágúst - september	Aðgengilegt öllum – birt í skólanámskrá

LÍÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gagnaöflun: fundir með fulltrúum íþrótt- og tómsundamála, leikskóla og framhaldsskóla.

Íþrótt- og tómsundastarf: Fundað var með fulltrúum íþrótt- og tómsundamála í haust og samráð haft um stundatöflu svo nemendur gætu sinnt tómsundaiðju sinni. Tókst það vel til og samfella náðist.

Samstarf við leikskóla: Elstu nemendur leikskóla komu í heimsókn tvisvar sinnum yfir skólaárið og fóru þá nemendur 1. bekkjar í heimsókn á leikskólann. Að auki var þriggja daga vorskóli á skólatíma. Sú tímasetningin er ný og tókst mjög vel til. Séð er fram á að halda þessari tímasetningu.

Samskipti við framhaldsskólann: Lítil samskipti voru við FSH. Einn faggreinafundur kennara. Fjórir nemendur 10. bekkjar sinntu námi í einni grein í FSH samhliða grunnskólanámi og gekk vel. Á vordögum fór 10. bekkur í skólakynningu í FSH. Óskað er eftir meiri samvinnu.

Vegna Covid voru lestrar ömmu og -afar ekki við störf á árinu. Vonast er til þess að taka það upp aftur á næsta skólaári.

Áhugi er meðal kennara að tengja námið meira atvinnulífinu á Húsavík en sjá má nánar um það hér aðeins neðar í kaflanum um nám og kennslu – velferð og líðan nemenda.

Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Matsverkefni	Ábyrgð	Matstækni	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Hverjir fá upplýsingar
Yfirfara ýmsar áætlanir og verklagsreglur	Skólastjóri	Fara yfir áætlanir, uppfæra og laga. Eineltisáætlun, jafnréttisáætlun, móttaka nýrra nemenda, móttaka nemenda með íslensku sem annað mál, viðbrögð við áföllum Forvarnarstefna	Áætlanir standist þær kröfur sem gerðar eru skv. reglugerðum	Áætlanir standist reglugerðir.	maí - sept 2021	Allir / Birt á heimasíðu skólans

LÍÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

Gagnaöflun: Skólastjórnendur lesa yfir áætlanir og verklagsreglur sem fyrir liggja og uppfæra.

Búið er að fara yfir, uppfæra og laga þessar áætlanir og birta á heimasíðu skólans:

- [Skólanámskrá](#) (endursk. 2022)
- [Eineltisáætlun](#) (endursk. 2023)
- [Öryggis- og viðbragðsáætlun](#) (endursk. 2023)
- [Móttaka nýrra nemenda \(bls. 13\)](#) (endursk. 2023)
- [Móttaka nemenda með íslensku sem annað tungumál \(bls. 13\)](#) (endursk. 2023)
- [Nemendur í grunnskóla með fjölþættan vanda – verklag](#) (endursk. 2023)
- [Læsisstefna](#) (endursk. 2022)
- [Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs](#) (endursk. 2023)
- [Rýmingaráætlun \(bls. 32\)](#) (yfirfarin. hvert ár)

Áætlanir sem vantar eða eftir á að yfirfara eru

- Heildræn forvarnarstefna (vantar)
- [Forvarnarstefna \(bls. 21\)](#) (endursk. haust 2021)
- [Jafnréttisáætlun](#) (endursk. haust 2021)

4.2 Nám og kennsla

Viðmið Borgarhóllsskóla fyrir nám og kennslu má finna [hér](#).

Undirþætti náms og kennslu má sjá í töflunni hér til hliðar en enginn þeirra var metinn í heild sinni á skólaárinu. Eru reitirnir því ólitaðir. Samkvæmt langtímaáætlun á að meta þá alla á næsta skólaári.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms og námsumhverfi
Árangur náms	Námssvitund
Kennsluhættir og gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Styrkleikar: Vel menntaðir og metnaðarfullir kennarar

starfa við skólann. Nemendum líður vel í skólanum. Kennarar eru meðvitaðir um inntak náms og námskrá og hafa mikinn vilja til að auka árangurinn.

Tækifæri til umbóta: Horfa þarf vel á lesturinn og huga að því hvernig megi ná bættum árangri. Námsvísar og áætlanir gætu verið ítarlegri. Skipulag náms mætti í meira mæli taka tillit til teymiskennslu hugmynda.

Námsárangur

Matsverkefni	Ábyrgð	Matstækni	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Hverjir fá upplýsingar
Námsárangur	Stjórnendur, umsjónar- og faggreina-kennarar	Foreldra-, nemendaviðtöl, hæfnikort, námsmat kennara, skimanir, samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk	Kanna hvort námsmarkmiðum er náð og þá hvernig sé hægt að styðja betur við nemendur í náminu.	Allir nemendur sjni eðlilegar framfarir í regulegum mælingum. Námsárangur	Stöðugt yfir árið	Trúnaðarmál / Meðaltöl birt á heimasíðu skólans.

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

Gagnaöflun: Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk. Prófin voru ekki marktæk í 9. bekk vegna tæknilegra galla.

Á skólaárinu þreyttu nemendur 4. og 7. bekkjar samræmd könnunarpróf í september. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá mismun á meðaltali skólans og meðaltali yfir allt landið. Þar má sjá að 4. bekkur er aðeins fyrir neðan meðaltal í flestum þáttum, bæði í stærðfræði og íslensku, á meðan 7. bekkur er aðeins fyrir ofan meðaltal í flestum þáttum.

Íslenska	Mismunur	
	4. b	7. b
Heild	-1,9	0,8
Lesskilningur	-1,6	1
Málnotkun	-2,3	0,3

Stærðfræði	Mismunur	
	4. b	7. b
Heild	-2,6	1,7
Reikningur og aðgerðir	-2,5	0,6
Stærðfræði: rúmfræði	-0,9	5
Tölur og talnaskilningur	-2,8	-0,3

Í 4.bekk voru 45% nemenda með einkunn B, B+ eða A í íslensku en 50% nemenda í stærðfræði. Vanalega fara umsjónarkennara ásamt deildarstjóra yfir niðurstöður í sameiningu. Ef þeim finnst tilefni vera til eru námsráðgjafi og deildarstjóri stoðþjónustu einnig kallaðir til. Þá er samtal átt við foreldra ef þörf þykir á frekari aðgerðum. Sama á við um ef nemandi skarar fram úr, en þá er námsefnið og kröfurnar skoðaðar með tilliti til getu þess nemanda. Niðurstöður í 4. bekk komu kennurum ekki á óvart og hafði samtal við foreldra þegar átt sér stað vegna mögulegra námsörðugleika þeirra nemenda sem kennarar höfðu áhyggjur af.

Niðurstöður í samræmdum könnunarprófum hjá 7. bekk sýna að framfarir eru að mestu eðlilegar í íslensku og stærðfræði eins og sjá má á myndinni hér að neðan.

Framfarir nemenda í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk

minni		svipaðar		meiri		umtalsvert meiri	
Íslenska	Stærðfræði	Íslenska	Stærðfræði	Íslenska	Stærðfræði	Íslenska	Stærðfræði
9%	0	65%	81%	26%	19%	0	0

Í kjölfar þess að niðurstöður voru birtar rýndu umsjónarkennarar í þær ásamt skólastjóra. Óskað var eftir auknum stuðningi í kennslustundir sem fékkst, og farið var betur yfir þá þætti sem komu illa út. Niðurstöður komu kennurum að einhverju leiti á óvart, þá voru nemendur að koma bæði verr og betur út en búist var við. Mikill lestur er á prófunum báðum sem reynist mörgum nemendum erfitt. Einnig mátti sjá að úthald og einbeiting í prófunum var ekki nægilega góð.

Námsárangur - lestur

Matsverkefni	Ábyrgð	Matstækni	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Hverjir fá upplýsingar
Námsárangur - lestur	Umsjónar-kennarar og kennarar sem sjá um íslenskukennslu	Lesfimiþróf.	Ætlað að meta stöðu nemenda í nákvæmum raddelestri og framfarir innan árs og milli ára.	Framfarir í lestri á milli mælinga séu eðlilegar. Viðmið um árangur sett skýrt fram í skólanámskrá, 90% nemenda ná viðmiðum 1.	Lagt fyrir í september, janúar og maí.	Nemendur, foreldrar og kennarar / Trúnaðarmál birt í persónumöppu á Mentor.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

Gagnaöflun: Lesfimi mæld þrisvar á ári, þ.e. í sept, jan og maí.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöður allra nemenda skólans úr lesfimiþrófi í maí árin 2019, 2020 og 2021.

	Viðmið 1 90%	Viðmið 2 50%	Viðmið 3 25%	Undir viðmiði 1
2019	75,9%	37,0%	18,6%	24,1%
2020	75,7%	33,6%	16,0%	24,3%
2021	69,7%	29,2%	13,9%	30,3%

Eins og sjá má hefur hlutfall þeirra nemanda sem ná viðmiðum 1, 2 og 3 lækkað. Á sama tíma hefur hlutfall nemenda sem ekki ná viðmiði 1 hækkað. Þetta vekur upp áhyggjur hjá matsteyminu og sér það þörf á að lestrarkennsla verði skoðuð og metin og reynt að finna ástæður fyrir þessum niðurstöðum. Þess má þó geta að ef rýnt er í [niðurstöður hvers árgangs](#) fyrir sig má sjá einhverjar framfarir innan nokkurra árganga.

Velferð og líðan nemenda

Matsverkefni	Ábyrgð	Matstækni	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Hverjir fá upplýsingar
Velferð og líðan nemenda	Umsjónar-kennarar	Tengslakönnun lögð fyrir í 1. -10. bekk. Skólapúlsinn	Kanna félagslega stöðu nemenda. Kanna virkni og líðan nemenda sem og skólaandann.	Allir nemendur skólans hafi félagslega tengingu innan hóps. Unnið í samstarfi við námsráðgjafa skólans.	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur, foreldrar, kennarar / Trúnaðarmál

LÍÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

Gagnaöflun: Tengslakannanir og skólapúls

Tvisvar á ári er lögð fyrir [tengslakönnun](#) í öllum árgöngum. Umsjónarkennarar ásamt námsráðgjafa skólans sjá um fyrirlögn á þessari könnun og að rýna í niðurstöður.

Í ár tóku nemendur 1. bekkjar ekki þátt en voru þó þjálfaðir í að taka svona kannanir. Helstu niðurstöður fyrir allan skólann voru að 17 nemendur af 257 nemendum voru ekki nefndir sem vinir í

seinni tengslakönnun skólaársins. Kennarar ráku sig þó á að í könnuninni eru gefnar upp þrjár línur til þess að nefna vini sína á nafn og voru nemendur því oft einungis að velja þrjá vini. Ef um stóra vinahópa er að ræða voru einhverjir, sem vitað er til þess að eigi vini í skólanum, ekki nefndir á nafn. Sumir nemendur skrifuðu þá niður fleiri en þrjá vini. Þetta gæti skekkt niðurstöður og sér matsteymið þörf á að uppfæra könnunina.

Skólapúlsinn var einnig lagður fyrir nemendur á skólaárinu. Sá hluti könnunarinnar sem snertir 6.-10.b var framkvæmd vorið 2020 og var svarhlutfall 91,8%. Nemendakönnun 1.-5.b var framkvæmd vor 2021 og var svarhlutfall 89,4%. Helstu niðurstöður verða tilgreinar hér í stuttu máli en greinagerðina í heild sinni má lesa [hér](#).

Samantekt niðurstaðna er: Þegar þróun innan skólaárs er skoðuð virðast nokkrar sveiflur í mörgum matsþáttum, s.s. að áhugi á lestri mælist mikill og yfir landsmeðaltali í upphafi, það dregur úr honum um mitt skólaár en hann eykst í lok skólaárs. Það hefur mikil áhrif á útreikning meðaltals.

Náttúrugreinar eru þær greinar sem nemendur virðast hafa mestan áhuga á og telja sig hafa mesta getu í. Stuðull á þeim fer þó lækkandi.

Það dregur nokkuð úr trú nemenda á eigin námsgetu undanfarin ár og vert að veita því athygli.

Það vekur athygli þegar svörun í matsþáttum er skoðuð er áberandi að skólinn skorar mjög lágt í efsta, jákvæða kvarða en stundum hátt í meðalsvari, þannig virðist vera tilhneiging til að svara á miðjum kvarða.

Þegar rýnt er í niðurstöðurnar má sjá að ánægja okkar nemenda, vellíðan, þrautseigja, einbeiting í kennslustundum og fleiri þættir eru fyrir neðan landsmeðaltal. Upplifun margar kennara er að nemendur vilji öðlast þekkingu og reynslu á þeim sviðum sem þeir sjá greinilega að komi til með að gagnast þeim í framtíðinni. Það er því nokkuð mikill áhugi fyrir því að tengja námið meira við atvinnulífið á Húsavík með von um að efla nemendur.

4.3 Innra mat

Þessi meginþáttur var metinn í heild sinni og viðmið Borgarhólsskóla fyrir innra mat má finna [hér](#).

Hér til hliðar má sjá myndræna framsetningu á mati teymisins þar sem ljósgrænn táknar meiri styrkleika en veikleika. Þá er verklag gott og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Styrkleikar: Búið er að koma af stað matsteymi þar sem skólustjórnandi fer með ábyrgðina. Það er búið að formgera og kerfisbinda innra matið. Nú þarf að starfa eftir því og gera það að sjálfsögðum hluta af skólstarfinu.

Tækifæri til umbóta: Þörf er á að gera mat á stefnu skólans. Það þarf að virkja alla hagsmunaaðila og skipa ábyrgðaraðila ákveðinna stefna og verkefna sem skólinn vinnur eftir og þannig virkja fleiri starfsfólk í innra matinu sem og foreldra og nemendur.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Skipulag

Matsverkefni	Ábyrgð	Matstækni	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Hverjir fá upplýsingar
Innra mat Skipulag	Matsteymi	Matslistar um skipulag innra mats	Að skipulag innra mats sé kerfisbundið og markmiðsbundið	Stefna og markmið skólans sett fram út frá aðalnámskrá og skólustefnu sveitarfélags. Matskerfi lýst í skólanámskrá. Langtímaáætlun um innra mat og ársáætlun sem tiltekur viðfangsefni ársins.	okt- maí	Birt í ársáætlun um innra mat og niðurstoður í sjálfsmatskýrslu vor 2021

LÍÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

Meginmarkmið matsteymisins þetta skólaár var að koma skipulagi á innra matið og var aðstoð og ráðgjöf fengin frá *Ásgarði* (AIS ehf). Matsteymið fundaði oftast einu sinni í viku og u.þ.b. einu sinni í mánuði var fundað með ráðgjafa. Í upphafi var farið yfir matslista um innra mat og í kjölfarið búnar til [langtímaáætlun](#) og [ársáætlun](#) sem var svo fylgt eftir. Allar upplýsingar um innra mat hafa verið settar inn á [heimasíðu skólans](#).

Nú þegar skipulagi hefur verið komið á innra matið og matsteymi stofnað er það verkefni næsta skólaárs að gera innra matið að mikilvægum og sjálfsögðum hluta af öllu skólstarfinu. Þá þarf að virkja fleira starfsfólk, skipa í teymi sem snúa að ýmsum matsþáttum; t.d. stefnu skólans, jákvæðum aga, læsisstefnu o.fl.

Framkvæmd

Matsverkefni	Ábyrgð	Matstækni	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Hverjir fá upplýsingar
Innra mat Framkvæmd	Matsteymi	Matslistar um framkvæmd innra mats	Að framkvæmd innra mats sé samstarfsmiðuð, samofin skólastarfinu og byggð á traustum gögnum	Innra mat byggist á samræðu og ígrundun, allir hagsmunaaðilar koma að skipulagi og framkvæmd og til þeirra leitað um gagnaöflun. Matið er samofið daglegu skólastarfi.	okt- maí	Birt í ársáætlun um innra mat og niðurstöður í sjálfsmatskýrslu vor 2021

LÍÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

Megináhersla framkvæmda innra matins á þessu skólaári var á skipulagið sem og þá þættir sem metnir eru árlega, þ.e. námsárangur og velferð og líðan nemenda og starfsfólks. Einnig var farið yfir vinnulag, verklagsreglur og áætlanir á árinu.

Það verkefni sem liggur fyrir næsta skólaári er að setja fleiri inn í framkvæmdina og gera hana samstarfsmiðuða og samofna skólastarfinu. Það verður gert með því að taka innra matið reglulega fyrir á starfsmannafundum og skólaráðsfundum svo allir hagsmunaaðilar geti haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra matsins. Einnig þarf að taka allar niðurstöður kannana, verkefna og prófa saman um leið og þær fást og kynna markvisst fyrir þeim aðilinum sem málið varðar. Styðja þá á leiðbeina þeim með úrvinnslu niðurstaðanna.

Umbætur

Matsverkefni	Ábyrgð	Matstækni	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Hverjir fá upplýsingar
Innra mat Umbætur	Matsteymi	Matslistar um umbætur innra mats	Innra mat leiði til umbóta og skólaþróunar	Niðurstöður greindar í styrkleika og þætti sem þarfnast umbóta sem birtast í umbótaáætlun.	júní	Umbótaáætlun unnin í kjölfar sjálfsmatskýrslu vor 2021

LÍÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

Ráðgjafi frá AIS hjálpaði okkur að setja fram umbótaáætlun vegna innra matsins á haustönn 2020. Unnið var að þeim umbótum allt skólaárið, þ.e. að koma skipulagi á innra matið. Í 5. kafla hér neðar má sjá umbótaáætlun sem unnin var í júní 2021 í kjölfar þessarar sjálfsmatskýrslu.

4.4 Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Aðeins var meginþátturinn um innra mat skoðaður í heild sinni á þessu skólaári. Heildarniðurstaðan er að innra matið er komið vel á veg hvað varðar skipulag, framkvæmd um umbætur. Gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Við lok skólaársins 2024 er stefnt á að 90% allra matsþáttanna verði flestir eða allir sterkir (grænir / ljósgrænir).

5 Umbótaáætlun skólaársins 2021 - 2022